

76
7. maí

AUGLÝSING

um innköllun greiðslumerkja.

Með því að numin hafa verið úr gildi lög nr. 25 9. janúar 1935, er kváðu á um stimpilgjald af ávísunum og kvittunum, er fallin niður skylda til að stimpla þau skjöl með greiðslumerkjum.

Ónotuð greiðslumerki verða innleyst hjá sýslumönnum, bæjarfógetum og lög-reglustjórum og tollstjóranum í Reykjavík til 1. nóvember 1941.

Fjármálaráðuneytið, 7. maí 1941.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.

77
12. maí Staðfesting ráðuneytis Íslands, handhafa konungsvalds, á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð um Jón Mýrdal“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 12. maí 1941.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð um Jón Mýrdal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður um Jón Mýrdal.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Hjalta Jónssyni skipstjóra, Reykjavík, bróður hans, með 500 króna gjöf.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. allir vextir og vaxtavextir af sjóðnum þar til hann er orðinn kr. 5000.00, en síðan hálfir vextir, og
2. gjafir til sjóðsins.

4. gr.

Sjóðurinn er eign Skógræktarfélags Íslands.

5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja trjárækt og ef Skógræktarfélag Íslands fær framgengt áformum sínum um friðun lands í nágrenni Reykjavíkur til almenningsnota, þá skal verja $\frac{1}{2}$ vöxtum sjóðsins, þegar hann er orðinn kr. 5000.00, til trjáræktar á því landi, en annars þar, sem stjórn Skógræktarfélags Íslands ákveður.